

# *Arnþjótur B. Olson*

Sursum corda!

París 20. April 185...

Þetta er nú annað kveldið, sem eg held til í þessu óvistlega og leiðinlega herbergi. Sljóvum augum horfi eg á tóman hitunarofninn, og hlusta eins og utan við mig á tilbreytingarlaust vagnskröltið niðri á götunni. Í þessari stóru borg finst mér eg vera ein-manalegri og ver kominn heldur en skipbrotsmaður. nötrandi af kulda, á flaki, sem fleytir honum á úfnu og ólgandi hafi.

En nú hlýtur brátt að draga að leikslokum! Eg ætla að horfast í augu við örlogin ókvíðinn, til að svifta þau sírasta broddinum.

Eg ætla að létta á harmþrunum huga mínum. og gera að trúnaðarmanni mínum, eina vininn, sem eg á, fölleita manninn, sem starir á mig í spegliunum. Meðaumkun þess vinar veldur mér ekki sársauka.

Eg ætla nú að skrásetja hugsanir mínar og æfiatriði, ekki með barnalegri og hversdags'egri nákvæmni, þar sem slept sé öllum meiri háttar viðburðum, heldur ætla eg að segja rétt og samvizkusamlega frá öllu, sem á dagana drífur.

Eg ætla að láta mér þykja vænt um dagbókina mína; hún skal verða eins og bróðurlegt bergmál, sem léttir mér einveruna; jafnframt því á hún að vera